



Jökclarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 28

Febrúar 1990

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Hótel Lind,
Rauðarárstíg, fimmtudaginn 1. mars 1990, kl. 20:30

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kaffidrykkja
3. Pétur Þorleifsson sýnir myndir úr eldri ferðum
á Vatnajökul.

Á GRÍMSFJALL Í JANÚAR

Það var helgina 5.-7. janúar að tími var kominn á okkur félagana að halda til fjalla eftir nokkurt svelti. Ákveðið var að halda til Jökulheima, en þar sem ég þóttist þekkja sjálfan mig og félagana, var ég ekki viss um hvort menn næðu að stoppa í Jökulheimum. Þótti mér vissara að tala við Jón Sveinsson um hvort ekki væri allt með felldu á Grímsfjalli. Hvað hann rafstöðina vera að gefa sig vegna þess að ekki náðist að hreinsa hana síðastliðið sumar. Jón sendi okkur því með 15 lítra af ísvara til vonar og vara. Hefst nú ferðalýsingin:

Við lögðum af stað á fjórum jeppum 9 manns föstudagskvöldið 5. janúar. Gekk ferðin frekar hægt vegna blindu og mikilla krapafláka og komum við í Jökulheima um kl. 5 aðfaranótt laugardags. Daginn eftir var veður þokkalegt, skýjað og gekk á með snjóéljum. Lofuðu menn mjög nýjasta hús staðarins, þ.e. Vatikaninið nýja. Einhverju hluta vegna var hurðin galopin en óskemmd, hið versta mál.

Lagt var á jökulinn um miðjan laugardag. Færí var þungt, mikill snjór og mikil snjókoma mestalla leiðina, og komum við á Grímsfjall um miðnætti eftir 9 tíma ferð. Var mjög notalegt að koma inn í skálann þar sem inni var 10 stiga hiti en úti 11 stiga frost og snjókoma. Á sunnudagsmorgunn var bylur og ekkert ferðaveður. Var hafist handa við að lagfæra rafstöðina og koma fyrir stórum gaskút sem við komum með úr Jökulheimum. Seinnipartinn fór veður að ganga niður og fóru menn að hugsa sér til hreyfings og var lagt í hann um kl. 18. Blint var og ofankoma en lygnara. Gekk ferðin niður jökul hægt vegna mikils nýfallins snævar og var komið í Jökulheima 12 tímum síðar, þ.e. um kl. 6 á mánudagsmorgni. Spáð var slæmu veðri á mánudeginum svo stoppað var stutt í Jökulheimum, snætt og bætt á eldsneyti. Er við vorum komnir ca. 5 km frá Jökulheimum versnaði veðrið og eftir samráð við veðurfræðing ákváðum við að snúa við í Jökulheima. Og passaði það, er við vorum komnir í skála skall á iðulaus stórhrið með 12 vindstigum sem stóð í einn og hálfan sólarhring (Eyrabakkaveðrið). Ekki var lagt af stað fyrir en seint á þriðjudag og hafði þá bætt í mikinn snjó á leiðinni Jökulheimar - Hrauneyjar. Um miðnætti komum við í Hrauneyjarfossvirkjun þar sem Hannes Haraldsson útvegaði okkur viðbótar eldsneyti þar sem mjög hafði gengið á það vegna mjög þungrar færðar. Þessari skemmtilegu ferð lauk síðan aðfaranótt miðvikudagsins 10. janúar. \ Ástvaldur Guðmundsson.

GJÖRFI

Gönguklúbburinn GJÖRFI heldur enn velli og er nú kominn á 10. ár. Fyrsta gangan var að venju fyrsta laugardag í janúar. Síðan er gengið annan hvern laugardag. Lagt er af stað frá Nesti Artúnshöða kl. 13.

FRÁ SLUNKARÍKI

Haustið 1988 reistu nokkrir vélsleðamenn skála austan Pórisjöklus. Skálinn stendur í 800 m hæð og í honum eru 18 svefnstæði. Staðsetning skálans í lengd og breidd er 643133 N og 203723 V. Skálinn er læstur, en allir geta fengið gistingu í skálanum. Skálaverðir eru Sigurjón P. Hannesson hs. 91-53196, vs. 91-686644 og Valdimar Ólafsson hs. 91-84496, vs. 985-23207 og skulu þeir sem áhuga hafa á gistingu hafa samband við ofangreinda. Gistigjald er kr. 400.

BÓK UM ÍSLENSKA VATNAFRÆÐI

Á þessu ári er væntanleg bók frá Bókaútgáfu Menningasjóðs eftir Sigurjón Rist um íslenska vatnafræði. Bókin hefur vinnuheitið Íslensk vötn II og er hugsuð sem framhald og viðbót bókar um sama efni, sem gefin var út af Raforkumálastjóra fyrir 33 árum. Orkustofnun hefur haft frumkvæði að því að þessi bók var samin og leggur til allt efni útgefanda að kostnaðarlausu.

Efni bókarinnar er:

1. Vatnamælingar á Íslandi, sögulegt yfirlit og mælingar.
2. Eðlisþættir vatna.
3. Ár og vötn í einstökum landshlutum.
4. Þjóðin og vatnsnytjar.

Viðaukar eru skrár um vatnasvið á Íslandi og um vatnshæðarmæla.

Gera má ráð fyrir að margir félagsmenn hafi áhuga á þessari bók og vilji eignast hana. Félögum í Jöklarannsóknafélaginu gefst kostur á að gerast áskrifendur að bokinni. Ekki er ljóst hvað bókin muni kosta en verðinu mun verða stillt í hóf. Auk þess munu áskrifendur fá verulegan afslátt.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður að þessu sinni 1. mars 1990. Samkvæmt lögum félagsins er dagskrá aðalfundar eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
4. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar
6. Kosning endurskoðenda
7. Önnur mál.

Að afloknum aðalfundarstörfum og kaffidrykkju munu verða sýndar myndir úr ferðum á Vatnajökul. Pétur Þorleifsson mun sýna myndirnar og segja frá.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1989

Nú hafa borist mælingablöð eða umsögn um yfir 40 jökulsporða frá haustinu 1989. Þetta eru óvenju góðar heimtur og er það vel, því brátt liður að því að taka þurfi saman yfirlit jöklabreytinga fyrir árabilið 1961-1990.

Á vestanverðu landinu sögðu snjóþyngslin til sín og sást varla í Snæfellsjökul og Drangajökul sl. haust fyrir snjó! Fátt nýstárlegra fréttu er að hafa af þessum mælingum nema hvað uppgjafatónn virðist vera kominn í Sólheimajökul þótt hann sé ekki farinn að hopa. Gígljókull hefur nú rúmlega helmingað lónið síðan 1963 er hann var hvað minnstur og heldur stöðugt áfram.

Nú hefur verið að nokkru unnið úr afkomumælingum á Sátujökli 1988-1989. Þetta er annað árið sem slíkt er mælt þar. Frá hausti 1987 til septemberloka 1988 rýrnaði jöklullinn sem svaraði tærpaða eins metra vatnslagi yfir allt svæðið. Svo kom þessi snjóþungi veturn og síðbúna sumar. Að því loknu sat eftir viðbót á jöklinum, sem vög upp það sem tapaðist árið áður. \ Oddur Sigurðsson.

JÖKULL

Jöklull 1989 er nú kominn út og hefur þegar verið sendur til þeirra félaga sem greitt hafa árgjaldið fyrir 1989. Enn er tölувert stór hópur sem ekki hefur staðið skil á árgjaldi síðasta árs. Eru menn hvattir til að greiða sem fyrst og jafnframt að tilkynna breytt heimilisfang hafi orðið breyting þar á.